

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 192/2016**

2018/EES/19/29

frá 23. september 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/527 frá 4. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 454/2011 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „fjarvirknibúnaður fyrir farþegaflutninga“ í samevrópska járnbrautakerfinu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37dj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 454/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0527**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/527 frá 4. apríl 2016 (Stjtíð. ESB L 88, 5.4.2016, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/527, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 88, 5.4.2016, bls. 26.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.